

## **Könnun á gróðri og dýralífi á vegarstaðum í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði vegna jarðganga**

Guðrún Áslaug Jónsdóttir  
Halldór Walter Stefánsson  
Inga Dagmar Karlsdóttir  
Kristín Ágústsdóttir  
Skarphéðinn Guðmundur Þórisson

Unnið fyrir Vegagerðina

## **EFNISYFIRLIT**

<b>INNGANGUR</b>	<b>1</b>
<b>GAGNASÖFNUN</b>	<b>1</b>
<b>Gróðurfar</b>	<b>1</b>
<b>Fuglalíf</b>	<b>1</b>
<b>Hreindýr, refir og minkar</b>	<b>2</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>2</b>
<b>Gróðurfar</b>	<b>2</b>
Lýsing gróðurlenda	2
Tegundir plantna	3
<b>Fuglalíf</b>	<b>3</b>
Reyðarfjörður (kort I)	3
Fáskrúðsfjörður (kort II og III)	5
Fuglategundir á athugunarsvæðum	6
<b>Hreindýr</b>	<b>10</b>
<b>Refir og minkar</b>	<b>10</b>
<b>UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR</b>	<b>11</b>
<b>Gróðurfar</b>	<b>11</b>
<b>Fuglalíf</b>	<b>11</b>
<b>Hreindýr, refir og minkar</b>	<b>12</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>13</b>
<b>HEIMILDARMENN</b>	<b>13</b>
<b>SKIPTING KORTBLAÐA</b>	<b>14</b>
<b>KORT I</b>	<b>15</b>
<b>KORT II</b>	<b>16</b>
<b>KORT III</b>	<b>17</b>
<b>VIÐAUKI I TEGUNDALISTAR</b>	<b>18</b>

## **INNGANGUR**

Að beiðni Vegagerðarinnar var lífríki kannað á fyrirhuguðum vegarstæðum nýrra vega að gangamunnum jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Í matsáætlun kemur fram að gangamunnar verða í botni Daladals í Fáskrúðsfirði og við Hrúteyri í Reyðarfirði. Nýr vegur verður byggður Reyðarfjarðarmegin af núverandi vegi að væntanlegum gangamunna á um 1,5 km löngum kafla. Fáskrúðsfjarðarmegin verður byggður nýr vegur á um 6,5 km kafla frá gangamunna innst í Daladal að Þjóðvegi við botn Fáskrúðsfjarðar. Áætlað er að nýi vegurinn liggja frá gangamunna innst í Daladal út með Dalsá að Oddsá. Frá Oddsá mun nýr vegur liggja mestu eins og núverandi Þjóðvegur (Vegagerðin 2000).

Skv. matsáætlun er áformað að færa farveg Dalsár sunnar, á um 500 m löngum kafla innan við Oddsá (Vegagerðin 2000) en þegar vettvangsathugun fór fram var ekki gert ráð fyrir að vegagerðin hefði áhrif á gróðurlendi sunnan Dalsár og voru þau því ekki skoðuð. Einnig var gert ráð fyrir að nýtt vegarstæði yrði sunnan við spennistöð Rarik við botn Fáskrúðsfjarðar en síðar var ákveðið að endurbyggja núverandi veg norðan við spennistöðina. Gróðurkortlagning náði því einungis norður að núverandi vegi við spennistöðina.

Í þessari skýrslu er gerð er grein fyrir gróðurfari á vegarstæðum og helstu gróðurlendum lýst og þau afmörkuð á korti. Tegundasamsetningu gróðurlenda og tegundafjölbreytni svæða á fyrirhuguðu vegarstæði er einnig lýst í grófum dráttum. Gerð er grein fyrir sjaldgæfum eða sérstæðum gróðurlendum og tegundum og lagt mat á verðmæti gróðurs. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir fuglalífi og lagt mat á áhrif fyrirhugaðra jarðganga og vega á fuglalíf á og við vegarstæði. Að lokum er gerð stuttlega grein fyrir hreindýrum, refum og minkum á áhrifasvæðum fyrirhugaðra vega og jarðganga.

## **Gagnasöfnun**

### **Gróðurfar**

Gróðurathuganir voru gerðar á vettvangi í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði 22. og 25. ágúst 2000. Vegarstæði voru gengin og gróðurlendum lýst og skráðar þær tegundir sem sáust. Fáskrúðsfjarðarmegin voru gróðurlendi afmörkuð á loftmynd en til er gróðurkortlagning frá 1998 af svæðinu við Hrúteyri í Reyðarfirði (Guðrún Á. Jónsdóttir 1999). Einnig var leitað í heimildum eftir upplýsingum um gróðurfar á þessum slóðum og í gagnasafni Náttúrufraeðistofnunar Íslands um útbreiðslu tegunda.

### **Fuglalíf**

Fuglalathuganir voru gerðar á vettvangi í Reyðarfirði þann 15. júní 2000 en í Fáskrúðsfirði þann 6. júní 2000.

Fyrirhuguð veglína í Daladal var gengin og allir fuglar sem sáust voru taldir og leitað var hreiðra. Í Reyðarfirði voru allir fuglar taldir sem sáust á svæðinu kringum Hrúteyri og tekið eitt snið eftir veglínunni. Leitað var hreiðra og varþbyggðir metnar hjá fyl og silfurmaf. Hrúteyri var könnuð sérstaklega. Notast var við sjónauka og fjarsjár við athuganirnar og GPS-staðsetningartæki við töku sniðs. Einnig er stuðst við eldri athuganir af svæðunum (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn Þórisson 2000a; 2000b).

Hreindýr, refir og minkar

Ekki voru gerðar athuganir á hreindýrum, refum eða minkum á vettvangi en unnið úr tiltækum upplýsingum, bæði hreindýratalningum og upplýsingum staðkunnugra.

## **Niðurstöður**

Gróðurfar

### **Lýsing gróðurlenda**

NÝR VEGUR VIÐ HRÚTEYRI Í REYÐARFIRÐI

Áætlað er að nýr vegur víki af núverandi vegi vestan við Hrúteyri og liggi nokkru ofar við Hrúteyrina og upp að gangamunna sem er rétt austan við eyrina. Á þessu svæði eru grasmóar mest áberandi en einnig eru þar smá blettir af votlendi með mýrastör og elftingu. Mosapemba með grösom og smárunnum er á melum upp af Hrúteyrinni. Þar sem gangamunninn er fyrirhugaður er mosapemba með þursaskeggi og lyngi. Litlir blettir eru einnig á gangamunnasvæðinu af mýra- og deiglendisgróðri með mýrastör og hrossanál og af gras- og móasefsmóum. Vestan við Hrúteyrina er að mestu algróið. Á uppgrönu framhlaupi og melum upp af Hrúteyrinni og austan við hana er þekja í gróðurlendum minni eða um 25 -50 % en þó eru þar algrónar dældir á milli (kort I).

NÝR VEGUR FRÁ GANGAMUNNA Í DALADAL AÐ ÞJÓÐVEGI VIÐ BOTN FÁSKRÚÐSFIARÐAR.

Fyrirhugað er að gangamunninn verði í brekku vestan og ofan við túnin á bænum Dölum. Brekkan er fallega gróin nokkuð gróskumiklu en fremur lágvöxnu kjarri. Birki er þar mest áberandi en einnig er mikið um grávíði (kort II). Lynggróður er mikill innan um kjarrið og eru aðalbláberjalýng, bláberjalýng og krækilyng algeng. Blómagróður er einnig mikill í kjarri og í bollum og dældum.

Vegarstæðið liggur frá gangamunna niður dalinn um grasmóa og tún út að Dölum. Ofan við Dali er vegarastæðið í túnjaðri og fyrir ofan það er lyngmói, með kræki-, bláberja- og beitilyngi. Vegarstæðið liggur síðan að mestu yfir grasmóa og tún allar götur niður á eyrar Dalsár neðan við Hólagerði. Viðast eru grasmóar gróskumestir næst túnnum en rýrari er fjær dregur. Sums staðar er svolitið af víði eða lyngi í grasmóunum. Á svæðinu frá gangamunna og niður á eyrarnar liggur vegarstæðið um land sem er að mestu algróið (kort II).

Vegarastæði liggur á eyrum Dalsár frá Hólagerði niður að Oddsá. Á áreyrunum skiptast á hálf grónar malareyrar og grónari eyjar og ræmur. Þar sem gróðurþekja er eru oftast gisnir grasmóar eða mosapemba með grösom. Mosi er meira áberandi neðan til á eyrunum og þar er einnig talsvert um kræki- og beitilyng innan um mosa og gras. Við Ljótunsá ná móatorfur með birki og lyngi alveg niður undir Dalsá og nýja vegarstæðið.

Frá Oddsá og niður eftir dalnum er fyrirhugað að endurbyggja veginn að mestu í núverandi vegarstæði. Vegurinn liggur neðan undir Gestsstadahöfðum frá Oddsá. Neðan við veginn skiptast á grasmóar og mosapembur með grasi og/eða lyngi. Snarrótapunktur, hálingresi, túnvingull og bugðupunktur eru algengar tegundir í þessum grasmóum. Ofan við veginn í brekkurótum eru víðast mjóar grasmóaræmur eða deiglendisblettir þar sem hrossanál er áberandi. Þar fyrir ofan taka við brekkur með lyng- og kjarrgróðri en grasmóablettum á milli t.d. í giljum og bollum. Þar sem vegurinn verður færður neðar á

um 400 - 500 m kafla undir Gestsstaðahöfðum eru gras- og lyngmóar eða mosapamba. Utan við Gestsstaðahöfða eru grasmóar mest áberandi en inn á milli eru blettir með mosapambu eða lyngmóagróðri.

Tún er norðan vegar vestan við spennistöð Rarik.

### **Tegundir plantna**

Tegundafjölbreytni er talsverð á vegarstæðunum og fundust 69 tegundir á og við vegarstæðið ofan við Hróteyri (1. tafla í viðauka I) en 102 tegundir á og við vegarstæðið í Fáskrúðsfirði (2. tafla í viðauka I). Á hvorugu vegarstæðinu fundust friðlýstar tegundir eða tegundir á valista við vettvangsathugun sumarið 2000. Ein fremur sjaldgæf tegund fannst við vegarstæðið í brekku utan við Hróteyri og er það dökkasef. Dökkasef er fremur sjaldgæft á landsvísi en hefur fundist all víða á Austurlandi og Vestfjörðum. Nokkrar hinna svokölluðu Austfjarða tegunda fundust á vegarstæðunum en það eru tegundir sem algengar á Austurlandi en sjaldgæfar utan þess. Þessar tegundir eru bláklukka og gullsteinbrjótur sem eru algengar á báðum vegarstæðum, og maríuvöttur og sjóstjarna sem einungis fundust á vegarstæðinu í Fáskrúðsfirði. Aðalbláberjalyng og finnungur eru algengar tegundir í brekkum og lautum nálægt vegarstæðum í Daladal og bendir það, ásamt all gróskumiklum gróðri, til að nokkur snjór liggja að jafnaði þar að vetri.

Í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru upplýsingar um tvær sjaldgæfar tegundir sem vaxa nálægt Hólagerði. Þetta eru: þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*) og mýraertur (*Lathyrus palustris*). Þyrnirósin er friðlýst og á valista, flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Mýraertur eru ekki friðlýstar eða á valista en sjaldgæfar um allt land (Hörður Kristinsson 1986). Vaxtarstaðir þessara tegunda eru vestan við bæinn á Hólagerði og finnst þyrnirósin utan í melhrygg nálægt bænum (um 150 - 200 m vestan og norðvestan við bæinn), bæði ofan og neðan við núverandi þjóðveg (sjá kort II) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000a; Eyþór Einarsson, munnlegar upplýsingar; Sigrún Steinsdóttir, munnlegar upplýsingar). Mýraertur vaxa á grasi grónu barði á svipuðum slóðum (Eyþór Einarsson 1960). Ekki verður séð að væntanleg vegarlagning á svæðinu eigi að hafa áhrif á vaxtarstaði þessara tegunda þar sem nýi vegurinn mun liggja neðan undir hólunum við Hólagerði, um tún, graslendi og áreyrar. Líklega vex rauðberjalyng (*Vaccinium vitis-idaea*) í Daladal innan við bæinn Dali og mun það vera talsvert innar en fyrirhugaður gangamunni (Hjörleifur Guttormsson, munnlegar upplýsingar).

Fuglalíf

### **Reyðarfjörður (kort I)**

Gengið var frá neðsta fossi í Hrutá, rétt neðan fyrirhugaðs vegar út og upp að fyrirhuguðum jarðgangamunna. Á þeirri leið var 1 heiðlóa með hreiður upp á fyrsta hjalla beint upp af brú yfir Hrutá og 1 gargandi grágæsapar á hringflugi yfir svæðinu. Við melkamb utan við farveg Hrutár þar sem veglinan liggur yfir hana voru 2 heiðlóur með aðvörunarhljóð og varplegt steindepilspar við hleðsluvegg í tóftum utan í melkambinum.

Svæði utan í melkambi niður af gili Hrutár og gangamunna: 2 heiðlóur niður af munna, heyrist í syngjandi skógarþresti(-þröstum?) út og niður af munna líklega frá sumarþústað sem þar er niður undir vegi eða hjalla ofan hans, 2 hrossagaukar flugu hringflug gaggandi

yfir svæðið, 1 grágæsapar á flugi líklega sama parið og sást áður og hrafn heyrðist krunkandi frá Hrútárgilinu.

Í fjallinu upp af gangamunna: sáust 10-15 fylar á hreiðrum en áætlað var að þar væru um 50 pör.

Skógarþratarpar með æti var neðst í lækjargili um 100 m utar en gangamunninn, 1 silfurmafur (geldflugl) flaug upp frá svæðinu við munnann og sveif niður að sjó og 1 hrossagaukur flaug upp frá svæðinu og gaggaði á flugi.

Veglina frá vegmótum innan Hrúteyrar að mastri ofan við brú yfir Hrúta: 1 æstur stelkur, 1 biandi heiðlóa og 1 steindepill rétt ofan við brú yfir Hrúta.

<b>Hnit og fjarlægð athugana frá fyrra hnit</b>	<b>Fuglar á sniði og greining</b>
65,01170°N og 14,19782°W, 70 m	1 heiðlóa
220 m	1 hrafnspar með hreiður í Hrútárgili, 15 fylar á hreiðrum
260 m	1 steindepill með æti
410 m	5 fylar á hreiðrum í klettum í fjalli
440 m	2 heiðlóur með aðvörunarhljóð
670 m	1 syngjandi þúfutittlingur
700 m	1 spói flaug upp hljóður
710 m	2 heiðlóur með aðvörunarhljóð
760 m	1 syngjandi skógarþröstur á þúfu
860 m	1 steindepill með skelli í urð við lækjarsprænu
900 m	10 fylar á hreiðrum í klettum
65,01706°N og 14,21905°W, 1170 m	4 silfurmafs- og 20 fylspör á hreiðrum í klettum, 1 tjaldur

**1. tafla.** Snið tekið frá gangamunna við Hrúteyri í Reyðarfirði inn að núverandi vegi. Allir fuglar voru á fjarlægðarbilinu 0-100 m til hvorrar handar frá sniðlinu.

Á Hrúteyrinni voru eftirfarandi fuglar innan við á: 4 kríupör með hreiður, 44 æðarfuglar þar af 2 kollur með unga, 1 tjaldspar, 1 stelkur, sandlópar sem barmaði sér og grágæsapar. Utan ár voru: 2 kríupör með hreiður, 6 æðarfuglar þar af 2 kollur með unga, varplegt heið- og sandlópar og 2 silfurmafur. Við ós Hrútár voru 3 straumendur þar af 2 karlfuglar.

<b>Tegund</b>	<b>Fjöldi 1999</b>	<b>Fjöldi 2000</b>	<b>Varp</b>
Grágæs	2	2	1 par
Æður	0	50	4 -
Straumönd	0	3	
Rjúpa	2	0	
Tjaldur	0	2	1 -
Sandlóa	1	3	2 -
Heiðlóa	10	2	1 -
Hrossagaukur	1	0	
Stelkur	6	1	
Silfurmafur	0	2	
Kría	24	12	6 -
Skógarpröstur	4	0	2 -
<b>Samtals</b>	<b>48</b>	<b>77</b>	<b>17</b>

**2. tafla.** Fuglar á Hróteyri í Reyðarfirði á varptíma sumarið 1999 og 2000 (HWS og SGP 2000b).

Straumönd, æðarfugl, rjúpa, fálki, fyll, silfurmafur, hrafn og snjótittlingur eru staðfuglar á svæðinu en stokkönd og stelkur yfirgefa svæðið að mestu leyti. Aðrar tegundir eru farfuglar.

Búast hefði mátt við að mariuerla, músarrindill, smyrill, fálki, rjúpa, urtönd og jafnvel fleiri tegundir væru á svæðinu en þær sást ekki í athugunum okkar.

### ***Fáskrúðsfjörður (kort II og III)***

Frá vegi í botni fjarðarins skammt norðan við brú yfir Dalsá og inn fyrir girðingarhólf við spennuvirki Rarik sem er um 1 km sáust eftirtaldir fuglar: 1 skógarpröstur með æti, 1 tjaldur, 1 lóupræll, 2 stelkspör þar af annað með hreiður, 1 varpleg sandlóa, 4 kríur á flugi og 10 heiðlóur.

Á næstu 1500 m sáust þessir fuglar: straumandarpar, 3 heiðlóur, 1 lóupræll, 1 hneggjandi hrossagaukur, 1 stelkur, stokkandarblíki sem flaug upp eftir Dalsánni, æðarblíki á flugi upp eftir ánni, 2 kríur á flugi og 3 pör með hreiður á eyri, en þar var líka hettumáfspár og sandlóupar með hreiður, 1 stelkur, toppandarpar og 1 æst sandlóa inn undir malarkamba niður af Gestsstaðahöfðum.

Frá malarkömbum við Gestsstaðahöfða og inn að skurðruðningi ofan við túnin ofan við bæinn Dali sáust eftirtaldir fuglar: 5 skógarprestir þar af 3 syngjandi og 1 með æti upp í hlið, 7 heiðlóur þar af 2 í túni neðan veglínú, 9 grágæsir þar af 2 í túni, 1 vellandi spói í fjarska, 14 grágæsir þar af 7 í túni og 7 á áreyrum, straumandarpar á ánni neðan við tún, 1 spói og 1 þúfúttittlingur.

Frá skurðruðningum og inn að gangamunna voru eftirfarandi fuglar: 1 hrossagaukur, 1 syngjandi skógarpröstur, 1 gargandi grágæs á flugi, 78 heiðlóur í og ofan við tún innan girðingar, 5 stelkar og 2 lóuprælar. Taka skal fram að innan til liggur veglínú yfir tún og hagagirðingu við innsta bæinn Dali (sjá kort II).

Alls sáust 176 fuglar sem tilheyrðu 16 tegundum með veglínú í Fáskrúðsfirði

### **Fuglategundir á athugunarsvæðum**

Á svæðunum sem voru könnuð fundust 20 fuglategundir (3.tafla) en upplýsingar um 7 aðrar fengust hjá heimamönnum. Fleiri tegundir sækja svæðin heim á öðrum árstímum og eru því sem gestir, en það eru fuglar sem leggja leið sína um svæðið vor og haust eins og t.d. helsingi (Armann Elisson, munnlegar upplýsingar) sem er á leið til annarra svæða. Staðfest er að 23 tegundir verpa á svæðunum en eitthvað fleiri geta verið verpandi, t.d. músarrindill, en erfitt getur verið að staðfesta varp sumra fugla.

<b>Tegund</b>	<b>Fáskrúðsfjörður</b>	<b>Reyðarfjörður</b>	<b>Samtals</b>
Fýll	0	218	218
Grágæs	24	4	28
Stokkönd	1	0	1
Æðarfugl	1	50	51
Straumönd	4	3	7
Toppönd	2	0	2
Tjaldur	1	3	4
Sandlóa	4	3	7
Heiðlóa	98	13	111
Lóuþræll	4	0	4
Hrossagaukur	2	3	5
Spói	2	1	3
Stelkur	11	1	12
Hettumáfur	2	0	2
Silfur máfur	0	11	11
Kría	12	12	24
Þúfuttlingur	1	1	2
Steindepill	0	4	4
Skógarpröstur	7	4	11
Hrafn	0	5	5
<b>Samtals</b>	<b>176</b>	<b>336</b>	<b>512</b>

**3. tafla.** Tegundir og fjöldi fugla með veglinum að jarðgöngum í Fáskrúðs- og Reyðarfirði sumarið 2000

Um 8 af 27 tegundum eru staðfuglar en aðrar tegundir eru farfuglar og 2 eru að hluta til á svæðinu allt árið. Af þeim 27 tegundum sem þekktar eru á svæðinu eru 23 reglulegir varpfuglar, 1 verpir óreglulega (fálki) og varp er óþekkt hjá 3 tegundum (lóuþræll, toppönd og músarrindli).

**Fýll** (*Fulmarus glacialis*) verpir á syllur í klettum og á sinn þátt í að græða klettana upp. Alls voru taldir 218 fuglar en reikna má með að þeir séu mun fleiri á svæðinu. Fýllinn er staðfugl á svæðinu og algengur varpfugl í klettum Reyðarfjarðarmegin. Fýlar eru í Reyðarfirði allan ársins hring og eru sveimandi um klettana að vetri og setjast upp í hentugum veðrum. Taldir voru 78 fuglar á hreiðrum í klettunum upp af Rákarbót á Sléttuströnd í sunnanverðum Reyðarfirði í júní 1999.

Engir fýlar sáust né eru þekktir sem varpfuglar Fáskrúðsfjarðarmegin, enda lítið um hentuga varpstaði þar.

**Grágæs** (*Anser anser*) var einkum á svæðinu við Dali og Dalsá í athugunum 2000. Þar voru taldar 24 gæsir. Í Reyðarfirði sáust 2 pör á athugunarsvæði við Hróteyri en á Sléttunesinu í botni Reyðarfjarðar sáust 62 fuglar. Gæsir verpir strjált á svæðinu og í



Reyðarfirði safnast líklega flestar saman á Sléttunesinu og stök pör með unga dreifast um allan fjörðinn. Lítið er vitað um dreifingu þeirra í Fáskrúðsfirði en líklegt er að þær dvelji mikið við Dalsá yfir sumarið. Gæsin verpir við Dali árlega en minna í hörðum vorum (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar). Varpíð hefst snemma í maí og þar sem grágæsin er farfugl yfirgefa þær svæðið upp úr miðjum október.

Árið 1999 fundust 4 hreiður á Sléttunesi, þar var með unga í fjörunni rétt utan við Hróteyrina og á eyrinni var eitt hreiður. Þar verpti í klettum upp af Rákarbót í sunnanverðum Reyðarfirði og 8 fuglar sáust við Gestsstaði í Fáskrúðsfirði þann 20. júní 1999.

**Stökkönd** (*Anas platyrhynchos*) er algengur vetrarfugl í Reyðarfirði þar sem líklegt er að fuglar víða að hafi vetursetu en annars er hún strjáll varpfugl á svæðinu. Aðeins einn karlfugl sást í athugunum sumarið 2000.

Árið 1999 fundust tvö hreiður á Sléttunesi, eitt hreiður við ós Strandarár sem er milli Hróteyrar og Holtastaðareyrar í Reyðarfirði og einn bliki sást við Dali sama ár. Sennilega eru um 5 pör verpandi á svæðunum.

**Urtönd** (*Anas crecca*) er sjaldgæf á svæðinu. Engir fuglar sáust í athugunum árin 1999 og 2000. Kvenfuglar hafa þó sést með unga á lækjum við birkibrekkurnar við Dali inn af Fáskrúðsfirði (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Æður** (*Somateria mollissima*) er staðfugl og algengur á veturna í fjörðunum. Talsvert varp er í Hólum í norðanverðum Reyðarfirði en annars verpir fuglinn strjált með allri ströndinni í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Æðurinn verpir nokkuð á Sléttunesi og á Hróteyrinni en lítið varð vart við fuglinn á svæðinu inn af Fáskrúðsfirði en þar leggja þeir leið sína meðal annars upp með Dalsánni. Ekki er vitað til að æðarvarpið sé nytjað á nokkurn hátt á svæðinu.

Árið 1999 fundust 10 hreiður á Sléttunesi og 1 hreiður á innanverðri Hróteyrinni.

**Straumönd** (*Histrionicus histrionicus*) er staðfugl og hefur takmarkaða útbreiðslu, er helst við ár og ósa, læk og vötn og með ströndinni. Á Dalsá sáust 4 fuglar og 3 við ós Hrutár í athugunum sumarið 2000 og líklega er fjöldi straumanda lítið meiri á svæðinu.

Árið 1999 voru 11 fuglar við Sléttunesið í Reyðarfirði í lok maí og 2 pör við ós Strandarár utan við Hróteyri í júní. Kvenfuglar hafa sést með unga á Dalsá í Fáskrúðsfirði (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Toppönd** (*Mergus serrator*) er sjaldgæf á svæðinu. Aðeins eitt par var á Dalsá í athugunum sumarið 2000 og líklega eru það einu fuglarnir á svæðinu yfir sumarið.

**Rjúpa** (*Lagopus mutus*) er staðfugl og verpir á svæðinu í nágrenni við Dali inn af Fáskrúðsfirði (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar) og er það eina sem vitað er um tegundina á svæðinu. Engar rjúpur sáust í athugunum sumarið 2000.

**Smyrill** (*Falco columbarius*) verpir árlega í grennd við Dali (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar) en ekki varð vart við fugla í athugunum sumarið 2000.

**Fálki** (*Falco rusticolus*) er staðfugl og verpir óreglulega á svæðinu við Dali inn af Fáskrúðsfirði (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar), ekki sáust þeir í athugunum árin 1999 og 2000.

**Tjaldur** (*Haematopus ostralegus*) er algengur í fjörum í Reyðarfirði og verpir meðal annars á Hróteyrinni. Á rannsóknarsvæðinu sáust 4 fuglar þar af einn skammt frá Dalsá en 3 við Hróteyrina. Árið 1999 fannst eitt hreiður á Sléttunesi og annað við Strandarós.

**Sandlóa** (*Charadrius hiaticula*) verpir strjált á svæðinu. Taldir voru 7 fuglar þar af 4 með Dalsá í Fáskrúðsfirði en 3 fuglar í Reyðarfirði. Líklega er fjöldinn litlu meiri. Helstu kjörlendi sandlóu er á leirum, sand- og malareyrum í ám og í fjörum og á melum til fjalla. Árið 1999 sáust 6 fuglar við Sléttunesið í Reyðarfirði.

**Heiðlóa** (*Pluvialis apricaria*) er algeng á öllu svæðinu en verpir strjált. Fuglar sækja mikið í ræktað land og fara þar um í hópum. Varpið nær frá fjöru og upp til fjalla. Heiðlour eru farfuglar, koma um miðjan apríl og yfirgefa landið í lok september.

Árið 1999 sáust 4 fuglar við Gestsstaði og mikið af fuglum voru í túnnum við Höfðatún innan við Búðir í Fáskrúðsfirði og við Dali þar sem sáust 2 fuglar með unga og hreiður fannst milli Hólagerðis og Dalsár.

**Lóupræll** (*Calidris alpina*) er sjaldgæfur á svæðinu sem einungis sést inn við Dali í Fáskrúðsfirði og á leirum í botni Reyðarfjarðar. Taldir voru 4 fuglar og líklega eru þeir litlu fleiri á öllu svæðinu. Árið 1999 sáust 4 fuglar við Sléttunesið í Reyðarfirði í lok maí.

**Hrossagaukur** (*Gallinago gallinago*) er eflaust algengari á svæðinu en athuganir benda til þar sem aðeins voru taldir 5 fuglar, þar af 2 í Daladal. Hrossagaukur verpir við Dali árlega (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar 1999).

**Spói** (*Numenius phaeopus*) er sjaldgæfur á svæðinu. Aðeins sáust 3 fuglar í athugunum og líklega eru ekki fleiri en 2-5 pör verpandi á öllu svæðinu. Árið 1999 sáust 4 fuglar við Gestsstaði og er hann sagður verpa reglulega við Dali (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Stelkur** (*Tringa totanus*) er áberandi fugl og nokkuð algengur á svæðinu. Alls voru taldir 12 fuglar í athugunum sumarið 2000 en reikna má með að þeir séu eitthvað fleiri. Víða eru stelkar í fjörum í fæðuleit og nokkrir halda þar til yfir veturinn en annars er hann farfugl.

Árið 1999 voru 6 stelkar við Sléttunesið í Reyðarfirði og nokkrir voru í túnnum við Höfðatún og Dali. Eitt par var með unga við Holtastaði í sunnanverðum Reyðarfirði og tvö pör við Gestsstaði.

**Hettumáfur** (*Larus ridibundus*) á svæðinu er afar staðbundinn og sáust aðeins 2 fuglar í varpi á eyri í Dalsá í Fáskrúðsfirði. Hettumáfar verpa annars í botni Reyðarfjarðar og út við Hólma í Reyðarfirði norðanverðum.

Árið 1999 voru 38 fuglar taldir og fundust þeir með 26 hreiður á Sléttunesinu í Reyðarfirði og 6 fuglar voru taldir við Gestsstaði í Fáskrúðsfirði.

**Silfurmáfur** (*Larus argentatus*) er algengur að vetri í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði en dreifist svo á varpstöðvar á vorin. Á rannsóknarsvæðinu verpir silfurmáfurinn aðeins Reyðarfjarðarmegin og þar eru um 10-15 pör verpandi.

Árið 1999 voru taldir 456 fuglar við Sléttunesið í lok maí og 12 fuglar voru á hreiðrum í klettum upp af Rákarbót 10. júní.

**Kría** (*Sterna paradisaea*) virðist vera jafn algeng í báðum fjörðunum en faliðað á rannsóknarsvæðunum. Fáeinir fuglar verpa upp með eyrum Dalsár og á Hruteyrinni.

Árið 1999 fannst 1 hreiður á Hruteyri innan við ós en þar voru nokkrir fuglar, 4 hreiður voru við ós Strandarár og 4 fuglar sáust við Gestsstaði.

Krían er farfugl sem kemur snemma í maí og fer í ágúst.

**Þúfutittlingur** (*Anthus pratensis*) var fremur sjaldséður á athugunarsvæðinu, aðeins 2 fuglar sáust en eflaust er fjöldi þeirra margfalt meiri.

Árið 1999 sást einn fugl við Dali með æti og þar verpir hann árlega (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Steindepill** (*Oenanthe oenanthe*) sást aðeins í Reyðarfirði sumarið 2000, fáeinir fuglar. Líklega eru steindeplar mun algengari en athuganir bentu til þar sem þeirra helsta kjörlendi er í fjallshlíðum eins og eru á svæðinu.

Árið 1999 sást einn fugl með æti við Dali þann 20. júní og þar verpa þeir árlega (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Skógarþröstur** (*Turdus iliacus*) er frekar sjaldgæfur á rannsóknarsvæðinu. Af þeim 11 fuglum sem voru taldir sumarið 2000 voru 7 í Daladal og líklega eru þeir mun fleiri þar í kjarrinu.

Árið 1999 fannst eitt hreiður á Sléttunesi í Reyðarfirði og víða sáust fuglar með æti við Dali.

**Maríuerla** (*Motacilla alba*) verpir í útihúsum við Dali (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar) og eflaust við alla bæi á svæðinu en þær verpa einnig í klettaskorum og geta því verið víða verpandi. Engar maríuerlur komu fram í athugunum á svæðunum sumarið 2000.

**Músarrindill** (*Troglodytes troglodytes*) sést oft við Dali í Fáskrúðsfirði (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar) og því ekki hægt að útiloka að tegundin verpi á svæðinu. Engir fuglar sáust í athugunum.

**Hrafn** (*Corvus corax*) fannst verpandi á einum stað í athugunum sumarið 2000, en það var neðarlega í gili Hrutár í Reyðarfirði. Hrafnar eru nokkuð algengir á veturna við þéttbýli í báðum fjörðunum. Hrafninn er staðfugl. Hröfnum hefur fækkað á Íslandi síðustu ár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000b). Hrafnar verpa við Dali í Fáskrúðsfirði árlega (Ármann Elísson, munnlegar upplýsingar).

**Snjótittlingur** (*Plectrophenax nivalis*) sást hvergi í athugunum á svæðinu sumarið 2000 en verpir árlega við Dali í Fáskrúðsfirði (Árman Elisson, munnlegar upplýsingar). Líklega verpir hann einnig í fjallendinu Reyðarfjarðarmegin. Snjótittlingurinn er staðfugl.

#### Hreindýr

Hreindýr (*Rangifer tarandus*) koma sjaldan í Fáskrúðsfjörð en þau byrjuðu að sjást þar um 1967, flest 13 árið 1970 (Skarphéðinn G. Þórisson 1993).

Samkvæmt vetrartalningarskýrslum (Veidistjóraembættið) á síðasta tug síðustu aldar hafa hreindýr sést:

- 1994: Í janúar og febrúar voru 3 tarfar utarlega í norðanverðum Fáskrúðsfirði, á milli Staðarskriða og Kyrravíkurskriða á svæði sem heitir Lækur og 5 dýr við Gestsstaði í Fáskrúðsfirði. Þann 16. apríl var einn ungur tarfur á Berunesi utarlega í sunnanverðum Reyðarfirði.
- 1995: Þann 6. apríl voru 7 hreindýr á milli Gestsstaða og Kirkjubóls í Fáskrúðsfirði
- 1997-1999: Engin hreindýr sást á svæðinu.
- 2000: Í febrúar sást slóðir eftir nokkur hreindýr í Tungudal sem gengur suðvestur úr Fáskrúðsfirði.

Nokkrir tugir hreindýra hafa gengið við Reyðarfjörð síðustu árin. Halda þau sig nær eingöngu norðan fjarðar.

#### Refir og minkar

**Refur** (*Alopex lagopus*) hefur ekki verið með greni í Daladal undanfarna áratugi (30 ár) svo vitað sé en ekki er hægt að útiloka að tófa hafi legið úti en hún hefur sést með hvolpa undir Goðaborg í norðanverðum Daladal í seinni tíð. Hlaupadýr hafa sést á svæðinu, yfirleitt að vetri til og sækja þau fæðu í nálægt kjarlendi og út undir fjarðarbotn.

Þekkt greni í næsta nágrenni við fyrirhuguð jarðgöng Fáskrúðsfjarðarmegin er á norðanverðum Stuðlaheiðardal sem liggur norðvestur úr Fáskrúðsfirði við merкта leið þar sem hún liggur yfir Hrúta (í Stuðlaheiðardal).

Tófur eru algengari á austari hluta Fáskrúðsfjarðar í nágrenni Tungu í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og út með firðinum að norðanverðu, en ekki í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmdasvæða.

Reyðarfjarðarmegin er vitað um þrjú greni sem eru misjafnlega nærri fyrirhuguðum jarðgöngum en tófur hafa ekki legið í þeim síðustu 35-40 árin og jafnvel enn lengur. Slóðir eftir tófur sjást þó á svæðinu flesta vetur og hlaupadýr hafa haldið til á því sumarlangt.

Álfhólar eru tveir austan við Hrúta í Reyðarfirði, undir Kambfjalli, líklega til komnir við berghlaup og er grenið í ytri hólnum. Engar tófur hafa verið þar síðustu þrjá til fjóra áratugina.

Grenishjalli er beint upp af bænum Sléttu við botn Reyðarfjarðar og er greni þar undir neðstu hjöllum. Talið er að þar hafi ekki tófur verið í 100 ár eða lengur. Greni er í Skollaflöt undir Skessu upp af Stuðlum við sunnanverðan botn Reyðarfjarðar. Engar tófur hafa legið þar lengi en refur náðist þar fyrir nokkrum árum sem talið var vera hlaupadýr (Sigurður Baldursson, munnlegar upplýsingar).

**Minkur** (*Mustela vison*) er all útbreiddur um Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð. Nokkuð fór að bera á mink í Reyðarfirði upp úr 1970. Árlega eru unnin minkagreni í báðum fjörðum og dýr eru veidd í gildirur á öllum árstímum. Mest er af minknum með ströndinni og með helstu ám á svæðinu.

Í Reyðarfirði er unnið eitt greni árlega á svæðinu frá Sléttu og út að Eyri. Tvívegis var greni unnið við Handarhald austur af Hrúteyri í Reyðarfirði og eins við Sléttunes. Hlaupadýr nást við árnar í Reyðarfirði, t.d. Sléttuá og í fjörunni (Boði Stefánsson, munnlegar upplýsingar).

Inn af Fáskrúðsfirði hefur minkagreni verið unnið við Dalsá niður af Dölum. Greni hefur fundist í kjarlendum norðan við Dali og hlaupadýr nást í gildirur við ár og læki á svæðinu árlega (Árman Elísson, munnlegar upplýsingar).

## Umræða og ályktanir

### Gróðurfar

Gróðurfar á fyrirhuguðum vegarstæðum að gangamunnum jarðgangna milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar er nokkuð mismunandi. Vegarstæðin liggja þó að lang mestum hluta á þurrlendi. Helstu gróðurlendi á vegarstæðum eru: grasmóar, mosapembur, lyngmóar og kjarr.

Gróðurþekja og gróska er mismikil á vegarstæðum. Vestan við Hrúteyri í Reyðarfirði er að mestu algróið en slitróttari gróður ofan og austan við Hrúteyrina. Gróðurþekja innst í Daladal í Fáskrúðsfirði er einnig tiltölulega samfelld og talsverð gróska þar í kjarrbrekkum, lyng- og grasmóum. Á áreyrum Dalsár er mismikið gróið og skiptast þar á eyrar með gisnum gróðri og gróðurmeiri torfur. Jarðvegsþykkt var ekki könnuð en gróður á svæðinu endurspeglar hana nokkuð vel. Þar sem jarðvegur er lítill eru mosapembur og gisnir gras- eða lyngmóar algengastir en algrónir móar og kjarr þar sem jarðvegur er meiri (sjá kort I, II og III).

Ekki fundust sjaldgæf eða sérstök gróðurlendi á athugunarsvæðunum. Á vegarstæðum innst í Daladal er kjarlendi og gróskumiklir lyngmóar með talsverðri tegundafjölbreytni. Telja má kjarlendi til verðmæts gróðurs þar sem náttúruleg skóglendi á Íslandi eru lítil og strjál. Einnig er allt vel gróið land í sjálfu sér verðmætt héraendis þar sem gróðureyðing hefur víða átt sér stað.

Tegundafjölbreytni athugunarsvæðis er töluverð en ekki fundust friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista, á athugunarsvæðinu. Nokkrar tegundir sem sjaldgæfar eru utan Austurlands vaxa á athugunarsvæðinu. Þær eru allar all algengar á Austurlandi. Innan við bæinn Dali vex að líkindum sjaldgæf tegund og við bæinn Hólagerði vaxa 2 sjaldgæfar tegundir. Önnur þeirra, þyrnirósinn er friðlýst og á valista. Fyrirhuguð vegarlagning ætti ekki að hafa áhrif á vaxtarstaði þessara tegunda sem eru all langt frá nýja vegarstæðinu.

### Fuglalíf

Allir fuglar sem sáust á fyrirhuguðu svæði jarðgangna og nýrra vega í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði eru algengir á landsvísu. Aðeins hrafninn og grágæs eru taldar vera í einhverri hættu vegna fækkunar á undanförunum árum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000b). Á

svæðinu er aðarfugl eina tegundin sem telst til nytja en óvíst er hvort strjált varpið sé nytjað á nokkurn hátt.

Það getur haft veruleg áhrif á fugla á svæðinu hvar útgreftri frá jarðgöngum verður komið fyrir. Upplýsingar um það liggja ekki fyrir svo hér er ekki lagt mat á áhrif þess á fugla.

Einstök svæði geta orðið fyrir staðbundnum áhrifum vegna framkvæmda. Efnistaka á eyrum Dalsár kann að eyða eða stórlega spilla varpsvæði hettumáfs, kríu og sandlóu. Á móti kemur að þar eru tiltölulega fáir fuglar verpandi og umræddar tegundir eru algengar á landsvísu.

Nýr vegur inn Daladal að göngunum með stórauðinni umferð um svæðið í Fáskrúðsfirði getur haft neikvæð áhrif á fugla á einkum á innri hluta svæðisins þar sem fuglar í kjarrinu leita austur að Dalsá t.d. endur með unga og skógarprestir á varp- og ungatíma. Ekki er þó um marga fugla að ræða og tegundirnar algengar.

Í Reyðarfirði eru einkum tvö sérstæð svæði sem taka verður tillit til. Hrutárgilið innan við jarðgöngin er sérstakt og þar verpa fýlar í nokkrum mæli og eitt hrafnspár. Fýllinn er algengur á landsvísu en hrafninn er á undanhaldi og hefur verið settur á valista yfir þær tegundir sem eru í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000b). Hruteyrin er sérstök fyrir það hve margar tegundir verpa þar á afmörkuðu svæði. Þar verpa meðal annars æður sem er nytjategund og grágæs sem einnig hefur verið sett á valista yfir tegundir sem eru í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000b).

Á svæðinu við Hruteyri í Reyðarfirði eru það steindepill og heiðlóa sem að líkindum munu verða fyrir mestum áhrifum vegna framkvæmda við jarðgangagerðina og tilkomu nýs vegar. Varpland þeirra mun að einhverju leyti hverfa. Fýlar og silfurmáfar sem verpa í nálægum klettum ættu hins vegar að sleppa við eyðingu varpstaða en gætu orðið fyrir ónæði við gerð jarðgangna. Fuglar á Hruteyrinni munu einnig að líkindum sleppa að mestu.

Með tilliti til varpfugla á Hruteyrinni og gilsins þar fyrir ofan í fjallinu ættu framkvæmdir að vera í lágmarki á tímabilinu frá byrjun maí til 15. júlí.

Að öðru leyti litur út fyrir að fyrirhuguð jarðgöng og vegir sem þeim tengjast muni hafa lítil áhrif á fuglalíf á svæðinu.

#### Hreindýr, refir og minkar

Ljóst virðist af þeim gögnum sem fyrir liggja að fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki umtalsverð áhrif á hreindýr í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði.

Ekki verður séð að framkvæmdir við fyrirhuguð jarðgöng og veglínur komi til með að hafa afgerandi áhrif á tilvist refa á viðkomandi svæðum í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði. Ekki er heldur líklegt að tilkoma jarðgangna og vega þeim tengdum hafi neikvæð áhrif á minka og minkaveiði á viðkomandi svæðum í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

## Heimildir

- Eyþór Einarsson 1960. Um nokkrar íslenskar plöntutegundir og útbreiðslu þeirra, einkum á Austurlandi. *Náttúrufræðingurinn* 29: 183-200.
- Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2000a. *Útbreiðsla varpflugla á Austfjörðum* Handrit. Náttúrustofa Austurlands
- Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2000b. *Fuglaathuganir í Reyðarfirði vegna fyrirhugaðs álvers*. Náttúrustofa Austurlands.
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Landmælingar Íslands 1990. *Atlaskort*. Blað 114, *Gerpír* (1: 100.000).
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000a. *Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna*. Óbirt.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000b. *Válisti 2 Fuglar*. Reykjavík
- Skarphéðinn G., Þórisson 1993. *Hreindýr Í*: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnason (ritstj.) *Villt íslensk spendýr*. Hið íslenska náttúrufræðafélag – Landvernd. Reykjavík: 251-285.
- Vegagerðin 2000. *Jarðgöng og vegir. Reyðarfjörður - Fáskrúðsfjörður. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun*. [www.honnun.is](http://www.honnun.is) (skoðað í desember 2000).
- Veiðistjóraembættið. Skýrslur um vetrartalningu hreindýra árin 1991-2000. Óbirt.

## Heimildarmenn

- Ármann Elísson Dölum í Fáskrúðsfirði. Sumarið 1999 og 2000.
- Boði Stefánsson Hrafnabjörgum. Janúar 2001.
- Eyþór Einarsson Náttúrufræðistofnun Íslands. Desember 2000.
- Hjörleifur Guttormsson Neskaupstað. Desember 2000.
- Sigrún Steinsdóttir Dölum í Fáskrúðsfirði. Desember 2000.
- Sigurður Baldursson Sléttu í Reyðarfirði. Janúar 2001.

**Kort I: Reyðarfjörður - gróðurfar**




**Kort II: Fáskrúðsfjörður - gróðurfar**



**Kort III: Fáskrúðsfjörður - gróðurfar**



# Kort I: Reyðarfjörður - gróðurfar



## Mosagróður

- A5 – Mosi með grösum
- A7 – Mosi með þursaskeggi og smárunnum
- A8 – Mosi með grösum og smárunnum
- A31 – Mosi með ljónslappa

## Lyngmói

- B7 - Bláberjalyng-krækilyng-víðir

## Sefmói

- F2 – Móasef-smárunnar

## Graslendi

- H1 – Grös
- H3 – Grös með smárunnum
- H5 – Sjávarfitjungur

## Ræktað land

- R5 – Ræktað graslendi.

## Hálfdeigja

- T2 – Hrossanál –starir–grös

- T5 – Grös–starir

## Mýri

- U5 – Mýrarstör/stinnastör

- U13 – Mýrarstör/stinnastör – mýrelfting

## Grýtni lands

- a – smágrýti

- b - stórgrýti

## Gróðurþekja

- x – 75% gróið

- z – 50% gróið

- þ – 25% gróið

## Annað

- me – melur

- gt – grjót, klettar

- fg – fjörugrjót

- fs – fjörusandur


Núverandi vegur

Nýr vegur

Göng

Heimild: Guðrún Á. Jónsdóttir 1999. *Description and mapping of vegetation in Reyðarfjörður, Iceland.* East Iceland Nature Research Institute.

# Kort II: Fáskrúðsfjörður - gróðurfar



### Mosagróður

- A3 - Mosi með stinnastör og smárunnum
- A4 - Mosi með smárunnum
- A5 - Mosi með grösum
- A8 - Mosi með grösum og smárunnum

### Lyngmói

- B2 - Krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur
- B4 - Beitilyng-krækilyng-bláberjalyng
- B7 - Bláberjalyng-krækilyng-viðir
- B9 - Aðalbláberjalyng

### Fjalldrapamói

- C1 - Fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng

### Birki

- C5 - Ilmbjörk
- C7 - Ilmbjörk-gulvíðir

Loftmyndir: Loftmyndir ehf. 1998

Myndmæling: Isgráf ehf. 1998

Landmælingar og hönnun vega: Vegagerðin og Hönnun hf.

Gróðurgreining lands unnin af Guðrúnu Á. Jónsdóttur og Ingú Dagmar Karlsdóttur 22. og 25. ágúst 2000

Unnið fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði.

## Náttúrustofa Austurlands

### Viðimói og kjarr

- D1 - Grávíðir-krækilyng
- D2 - Gráðvíðir-fjalldrapi

### Sefmói

- F1 - Móasef

### Graslendi

- H1 - Grös
- H3 - Grös með smárunnum
- H4 - Melgras

### Blómlendi

- L2- Lágvaxnar blómjurtir

### Ræktað land

- R2 - Tún í góðri rækt
- R3 - Tún ekki nýtt til slægna

### Hálfdeigja

- T2 - Hrossanál -starir-grös
- T4 - Gulvíðir-starir-grös

### Mýri

- U4 - Mýrarstör/stinnstör-klóffia
- U10 - Mýrelfting
- U13 - Mýrarstör/stinnstör-mýrelfting

### Ógróið land

- me - melur
- ey - blautar áreyrar

### Gróðurþekja

- x - 75% gróið
- z - 50% gróið
- p - 25% gróið

### Grýtni lands

- a - smágrýti
- b - stórgkýti

### Veglínur

- Núverandi vegur
- Nýr vegur
- Göng

### Annað


Innan þessa svæðis vex þymirós

Mælikvarði: 1:10.000

0 100 200 300 400 500 m

Kort II

# Kort III: Fáskrúðsfjörður - gróðurfar



### Mosagróður

- A3 - Mosi með stinnastör og smárunnum
- A4 - Mosi með smárunnum
- A5 - Mosi með grösum
- A8 - Mosi með grösum og smárunnum

### Lyngmói

- B2 - Krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur
- B4 - Beitilyng-krækilyng-bláberjalyng
- B7 - Bláberjalyng-krækilyng-víðir
- B9 - Aðalbláberjalyng

### Fjalldrapamói

- C1 - Fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng

### Birki

- C5 - Ilmbjörk
- C7 - Ilmbjörk-gulvíðir

Loftmyndir: Loftmyndir ehf. 1998  
 Myndmæling: Isgraf ehf. 1998  
 Landmælingar og hönnun vega: Vegagerðin og Hönnun hf.

Gróðurgreining lands unnin af Guðrúnu Á. Jónsdóttur og Ingú Dagmar Karlsdóttur 22. og 25. ágúst 2000

Unnið fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði.

## Náttúrustofa Austurlands

### Víðimói og kjarr

- D1 - Grávíðir-krækilyng
- D2 - Grávíðir-fjalldrapi

### Sefmói

- F1 - Móasef

### Graslendi

- H1 - Grös
- H3 - Grös með smárunnum
- H4 - Melgras

### Blómlendi

- L2- Lágvaxnar blómjurtir

### Ræktað land

- R2 - Tún í góðri rækt
- R3 - Tún ekki nýtt til slægna

### Hálfdeigja

- T2 - Hrossaná -starir-grös
- T4 - Gulvíðir-starir-grös

### Mýri

- U4 - Mýrarstör/stinnstör-klóffja
- U10 - Mýrelfting
- U13 - Mýrarstör/stinnstör-mýrelfting

### Ógróið land

- me - melur
- ey - blautar áreyrar

### Gróðurþekja

- x - 75% gróið
- z - 50% gróið
- p - 25% gróið


### Grýtni lands

- a - smágrýti
- b - stórgrýti

### Veglínur

- Núverandi vegur
- Nýr/endurbættur vegur

Mælikvarði: 1:10.000



Kort III

**VIÐAUKI I**  
TEGUNDALISTAR  
NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

**1. tafla.** Tegundir háplantna á og við vegarstæði við Hrúteyri í Reyðarfirði. Nafngiftir skv. Plöntuhandbók Harðar Kristinsonar (1986).

<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Latneskt heiti</b>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstgras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>
Dökkasef	<i>Juncus castaneus</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>
Gráviðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrafnafifa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>

Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Sliðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

---

**2. tafla** Tegundir háplantna á og við vegarstæði frá gangamunna í Daladal að flugvellinum á sléttlendinu við botn Fáskrúðsfjarðar. Nafngiftir skv. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986).

<b>Íslenskt nafn</b>	<b>Latneskt nafn</b>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjalldalafill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Fjallhæra	<i>Luzula arcuata</i>
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Gráviðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrafnafifa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hvitmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>

Ígulstör	<i>Carex echinata</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lónasóley	<i>Ranunculus tryphophyllus</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Mariuvöttur	<i>Alchemilla faerensis</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýarasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Sérbylissör	<i>Carex dioica</i>
Sjöstjarna	<i>Trientalis europaea</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðuhnoðri	<i>Sedum annuum</i>
Sliðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sortulyng	<i>Aarctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Títulingresi	<i>Agrostis vernalis</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>



Vallarsveifgras  
Vallhumall  
Vallhæra  
Vegarfi  
Þursaskegg

*Poa pratensis*  
*Achillea millefolium*  
*Luzula multiflora*  
*Cerastium fontanum*  
*Kobresia myosuroides*

---